

## Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um hagsmuni brotþola varðandi  
aðgengi sakbornings að gögnum í sakamálum.

Frá Gísla Rafni Ólafssyni.

- Hvernig er metið í hvaða tilvikum lögregla má synja sakborningi og/eða verjanda um aðgang að einstökum skjölum og öðrum gögnum máls skv. 3. mgr. 37. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008? Er haft samráð við brotþola um aðgengi að gögnum þegar slíkt mat fer fram?
- Getur brotþoli kært ákvörðun lögreglu um aðgengi sakbornings og/eða verjanda að gögnum eða bjóðast honum einhver önnur úrræði varðandi aðgengi sakbornings og/eða verjanda hans að gögnum máls?

Skriflegt svar óskast.